

Sp.

841. Skýrsla

[283. mál]

menntamálaráðherra um framkvæmd reglugerðar um sérkennslu, nr. 270/1977, skv. beiðni.

Í skýrslubeiðninni er óskað eftir svörum við 16 tölusettum fyrirspurnum sem sumar hafa einnig staflíði. Nokkrum spurningum var vísað til fræðslustjóra þar sem þær eru þess eðlis að þeir einir hafa möguleika á upplýsingum sem þær varða. Þessar spurningar voru 3. spurning, a-liður, og einnig um stuðningskennslu, 12., 13. og 15. spurning.

1. Hvernig hefur tekist að ná fram meginstefnu reglugerðarinnar um að sem flestir nemendur stundi nám í almennum grunnskóla?

Hér á landi stunda 0,7% grunnskólanemenda nám í sérskólum. Allir aðrir nemendur á grunnskólaaldri fá kennslu í almennum grunnskólum. Þessi tala segir því aðeins eitthvað um ástand þessara mála að gerður sé samanburður við nemendafjölda í sérskólum í öðrum löndum. Jörgen Hansen, yfirmaður sérkennslu í Danmörku, skrifar í Nordisk tidskrift for spesialpedagogik 2. hefti 1986: „Í Danmörku er fjöldi þeirra nemenda sem ganga í sérskóla nú aðeins 1–2%.“ Robert Lillestølen skrifar í sama hefti um ástand þessara mála í Noregi: „Í Noregi ganga 0,8% í sérskóla.“ Af þessum samanburði sést að það ganga hlutfallslega fleiri í hinn almenna grunnskóla á Íslandi en í þeim löndum sem vitnað er til. Að þessu leyti verður að telja að í stórum dráttum hafi tekist að ná fram þeirri meginstefnu að sem flestir nemendur stundi nám í almennum grunnskóla.

2. Hver tekur ákvörðun um sérkennsluþörf eftir fræðsluumdæmum og hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar endanlegri ákvörðun um sérkennslumagn í hverju fræðsluumdæmi hvert skólaár. — Hefur Fjárlaga- og hagsýslustofnun lagt til niðurskurð á umbeðinni þörf menntamálaráðuneytis. Ef svo er, hvenær og hvað mikið?

Fræðslustjórar senda menntamálaráðuneytinu áætlun um sérkennsluþörf við gerð fjárlaga. Þá er átt við sérkennslu í almennum grunnskólum og sérdeildum fræðsluumdæma, en ekki sérskólum ríkisins og stofnunum þroskaheftra. Þörfin á að vera byggð á greiningum sálfræðipjónustu hvers umdæmis. Menntamálaráðuneytið gerir síðan tillögur til fjármálaráðuneytis um fjárframlög til þessa þáttar, en endanleg ákvörðun er í höndum Alþingis.

Frá setningu grunnskólalaga til árána 1979–80 var stuðnings- og sérkennsla áætluð sem viðbótarframlag til hvers einstaks grunnskóla. Skólaárið 1979–80 varð hins vegar sú breyting á að kennslan var áætluð sem ein óskipt niðurstöðutala fyrir hvert fræðsluumdæmi. Samkomulag var um að áætla skyldi 6% umfram heildarviðmiðunarstundir hvers umdæmis til stuðnings- og sérkennslu. Notkun stunda varð hins vegar oft mun minni. Upp úr 1983 fóru einstakir fræðslustjórar að taka erfið sérkennslutilfelli út úr þessari viðmiðun og áætla sérstaklega. Nú er svo komið að sérkennslan er af fræðslustjórum öll áætluð utan við þessi 6% og fela þau því aðeins í sér stuðningskennslu samkvæmt þeirra tillögum.

Allt þar til við fjárlagagerð 1985 voru tillögur fræðslustjóra lagðar óbreyttar til grundvallar við áætlun sérkennslunnar. Á árinu 1985 var talið að ekki væri unnt að verða við kröfum fræðslustjóra að fullu, enda gerðu þeir ráð fyrir gífurlegri aukningu á sama tíma og ákveðinn var 2,5% almennur niðurskurður ríkisútgjalda. Ráðuneytið lagði þó til að reynt yrði að bæta úr brýnustu þörfinni og gerði tillögu um 7% aukningu sérkennslunnar. Við gerð fjárlaga 1986 treysti ráðuneytið sér ekki til að verða að fullu við óskum fræðslustjóra, en gerði þó tillögu um 100% aukningu sérkennslunnar. Fjármálaráðuneytið skar burt alla þá aukningu og átti menntamálaráðuneytið í baráttu við að halda óbreyttu magni frá fyrri fjárlögum. Alþingi gerði engar efnislegar breytingar við tillögur fjármálaráðuneytis.

Ekki þótti vel til takast að þessu sinni og var því ákveðið að reyna að ná fram aukingu með hóflegum kröfum. Var lagt til að engin aukning yrði á sérkennslu í Reykjavík, en um 20% utan Reykjavíkur. Jafnframt var reynt að taka tillit til aðstæðna og jafna aðstöðumun sem skapast hafði á milli fræðsluumdæma. Þessar tillögur náðu fram að ganga og gott betur því að í meðförum Alþingis hækkuðu framlög til sérkennslu um 5 millj. króna eða 6%. Það jafngildir um 3% hækkun á stuðnings- og sérkennslu.

3. *Hve mörg börn hafa fengið annars vegar sérkennslu a) innan almenna grunnskólans, b) í sérskólum, c) í sérdeildum og hins vegar stuðningskennslu í hverju umdæmi fyrir sig frá gildistöku reglugerðar um sérkennslu?*

Ekki er að jafnaði gerð könnun á því hvað margir nemendur njóta sérkennslu í almennum skólum af þeirri ástæðu að þörf einstakra nemenda er mjög misjöfn, tímar, sem einstakir nemendur fá, mismargir eftir ástæðum. Þó hefur menntamálaráðuneytið leitast við að afla sér upplýsinga um þetta nokkrum sinnum síðan 1977.

Samkvæmt þeim könnunum, sem þar koma fram, er dreifing stuðningskennslu á nemendur eftir fræðsluumdæmum mjög mismunandi og kemur þar margt til, t.d. litlar bekkjardeildir víða á landsbyggðinni, svo og skortur á sérmenntuðu fólki til að annast stuðningskennslu.

Eins og áður segir er munur á því hvað margir nemendur fá stuðningskennslu, en það stafar ekki af því að kennslumagn, sem til þessarar kennslu er ætlað, sé hlutfallslega mismunandi.

Kennslumagn til stuðningskennslu (6% af H) nýttist þannig eftir því sem best er vitað skólaárið 1978–79 (hlutfall barna í skólum sem svöruðu):

Reykjavík	19.84%
Reykjanes	12.31%
Vesturland	11.10%
Vestfirðir	12.40%
Norðurland vestra	11.50%
Norðurland eystra	10.80%
Austurland	12.33%
Suðurland	7.00%

Sá munur, sem hér kemur fram, er ekki einstakt fyrirbæri fyrir íslenskt skólakerfi. Í Danmörku eru sambærilegar tölur 5–30% eftir landsvæðum. (Jörgen Hansen: Nordisk tidskrift for spesialpedagogik, 2. hefti 1986.)

Varðandi staflið b verða að nægja upplýsingar um dreifingu nemenda í sérskólum eftir búsetu frá 1980 að viðbættum upplýsingum um nemendur í sérskólunum frá árunum 1975 til 1980.

Öskjuhlíðarskóli.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík	68	64	67	64	62	63
Reykjanes	43	55	41	45	43	43
Vesturland	2	5	7	6	5	5
Vestfirðir	3	4	4	5	1	
Norðurland vestra	3	3	4	3	2	1
Norðurland eystra	5	4	4	2	1	1
Austurland	5	4	1		1	1
Suðurland	6	8	5	3	4	5
	135	147	133	128	119	119

Heyrnleysingjaskóli.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík	19	19	19	12	15	19
Reykjanes	25	26	24	15	11	12
Vesturland	3	3	3	1	2	1
Vestfirðir						1
Norðurland vestra	3	2	2			
Norðurland eystra	3	6	5	4	4	3
Austurland	4	4	3	1	2	1
Suðurland	1	1	3			
	58	61	59	33	34	37

Safamýrarskóli.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík	25	22	27	29	30	32
Reykjanes	13	12	19	21	20	18
Vesturland			1	1		
Vestfirðir	2	3	3	4	3	3
Norðurland vestra				1	1	1
Norðurland eystra		1	1	2	2	2
Austurland						
Suðurland			2	2	2	1
	40	38	53	60	58	57

Skólinn við Hvammshlíð, Akureyri.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík	2	2	2	2	2	2
Reykjanes						
Vesturland						
Vestfirðir	1	1	1	1	1	1
Norðurland vestra	7	6	5	5	6	4
Norðurland eystra	22	24	26	21	17	14
Austurland	2	2	1	1	1	
Suðurland						
	34	35	35	30	27	21

Kópavogshæli.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík	21	23	21	19	15	13
Reykjanes	12	8	6	5	5	3
Vesturland	2	2	3	2	1	
Vestfirðir	2	2	2	3	3	1
Norðurland vestra						
Norðurland eystra						
Austurland	2	2	2	1	1	
Suðurland	4	4	5	5	5	5
	43	41	39	35	30	22

Skóli Unglingaheimilis ríkisins.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík	16	17	12	13	12	7
Reykjanes	2	3	4	3	5	3
Vesturland						
Vestfirðir						
Norðurland vestra				2	1	
Norðurland eystra		1	2	1	1	1
Austurland				2	1	
Suðurland				2	2	2
	18	21	18	23	22	13

Skóli geðdeildar Barnaspítala Hringins.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík	10	12	15	11	11	11
Reykjanes	6	2	3	3	5	5
Vesturland						
Vestfirðir		1				
Norðurland vestra						
Norðurland eystra				1		
Austurland	1	1	1	1	2	2
Suðurland	1	1	1	5	2	2
	18	17	20	21	20	20

Nemendur í sérskólum sem hlutfall af nemendafjölda umdæmanna 1985–86.

Fræðsluumdæmi	Grunnsk.	Sérsk.	Hlutfall
Reykjavík	12577	147	1.2%
Reykjanes	10570	84	0.9%
Vesturland	2925	6	0.2%
Vestfirðir	1872	6	0.3%
Norðurland vestra	2044	6	0.3%
Norðurland eystra	4730	21	0.4%
Austurland	2325	4	0.2%
Suðurland	3857	15	0.4%

Nemendur í sérskólum árin 1975–80.

Heyrnleysingjaskólinn:

	Nemenda- fjöldi	Kennara- stöður	Nem. á kennara
1975–1976	57	16	3.56
1976–1977	61	17	3.59
1977–1978	65	21	3.10
1978–1979	66	20	3.30
1979–1980	73	21	3.48

Öskjuhlíðarskóli:

	Nemenda- fjöldi	Kennara- stöður	Nem. á kennara
1975–1976	117	24.0	4.88
1976–1977	142	27.5	5.09
1977–1978	137	26.0	5.27
1978–1979	133	27.0	4.93
1979–1980	142	32.0	4.44

Geðdeild við Dalbraut:

	Nemenda- fjöldi	Kennara- stöður	Nem. á kennara
1975–1976	10	1.5	6.67
1976–1977	12	2.0	6.00
1977–1978	14	3.0	4.67
1978–1979	12	3.0	4.00
1979–1980	15	5.0	3.00

Þjálfunarskólar ríkisins:

	Nemenda- fjöldi	Kennara- stöður	Nem. á kennara
1975–1976	156	18.00	8.67
1976–1977	147	18.67	7.87
1977–1978	153	24.50	6.25
1978–1979	145	30.50	4.83
1979–1980	143	34.66	4.13

Sérdeildir grunnskóla eru byggðar upp eftir því sem fræðslustjórar telja þörf fyrir hverju sinni.

Sérdeildir grunnskóla skv. 19. gr. reglug. nr. 277/1977 árið 1986.

Reykjavík:

Austurbæjarskóli 1 deild, Breiðagerðisskóli 1 deild, Breiðholtsskóli 1 deild, Bústaðaskóli 1 deild, Fellaskóli 4 deildir, Hagaskóli 1 deild, Hólabrekkuskóli 1 deild, Laugalækjarskóli 1 deild, Laugarnesskóli 1 deild, Réttarholtsskóli 1 deild, Ölduselsskóli 1 deild.

Reykjanes:

Digranesskóli 1 deild, Víðistaðaskóli 1 deild, Keflavík, Myllubakkaskóli 2 deildir.

Vesturland:

Akranes, Brekkubæjarskóli 2 deildir.

Vestfirðir:

Grunnskóli Ísafjarðar 2 deildir.

Norðurland vestra:

Grunnskólinn í Akrahreppi 1 deild.

Norðurland eystra:

Glerárskóli 1 deild, Lundarskóli 2 deildir.

Austurland:

Grunnskólinn á Egilsstöðum 1 deild.

Suðurland:

Barnaskólinn á Selfossi 1 deild, Barnaskólinn á Selfossi (þjálfunarskóli) 1 deild, Barnaskólinn í Vestmannaeyjum 1 deild.

SVÖR FRÆDSLUSTJÓRA:

Reykjavík:

Sérkennsla innan almenna grunnskólans felur í sér c-lið þar sem sérdeildir af mörgu tagi eru á vegum umdæmisins. Sjúkrakennsla, talkennsla, lesver, athvörf, athvarfsiðja svo og stuðningskennsla skólanna telst allt til sérkennslu innan almenna skólans. Vissulega er hægt að tilgreina hversu margir nemendur hafa notið hinna ýmsu úrræða í sérkennslu, en það er breytilegt hve lengi nemendur eru í henni og hversu mikið kennslumagn er notað. Í sérdeildum og dagdeildum er það þó ákveðið á nemenda. Á síðast liðnu ári má ætla að um 350 nemendur hafi notið sérúrræða annarra en stuðningskennslu. Í stuðningskennslu hafa verið um 1600 börn en bent skal á að tíminn þar er mjög breytilegur bæði hvað varðar lengd og magn.

Einnig er stuðningskennslumagn notað í fyrirbyggjandi aðgerðir — þá koma stuðningskennarar inn í heilar bekkjardeildir. Í þessu sambandi má segja að lítið sé á því að græða að vera með höfðatölureglu, en skólunum hefur verið úthlutað ákveðnu hlutfalli miðað við nemendafjölda í hverjum skóla til að nota í stuðningskennslu sem oftast er tímabundið úrræði.

Reykjanes:

Fyrstu tveir dálkar sýna fjölda nemenda í almennum grunnskólum.

	Stuðningskennsla sérkennsla	Talkennsla	Sérdeild
1980–1981	1293	324	11
1981–1982	1712	451	17
1982–1983	1667	477	25
1983–1984	1764	495	27
1984–1985	1581	550	35
1985–1986	1470	540	48
1986–1987	1406	?	43

Vesturland:

Fyrst skal hér gerð grein fyrir þeim stundafjölda, sem veittur hefur verið samkvæmt áætlunum til sérkennslu og stuðningskennslu frá skólaárinu 1976–1977, en það var fyrsta árið sem fræðslustjóri gerði áætlun og fylgdist með framkvæmd.

	Stuðningskennsla		Sérkennsla	
	Stundir	Nemendur	Stundir	Nemendur
1976–1977	273			
1977–1978	327			
1978–1979	300		22	3
1979–1980	279		33	4
1980–1981	283		56	5
1981–1982	277		65	6
1982–1983	273		204	25
1983–1984	285	um 290	361	27
1984–1985	274	382	353	35
1985–1986	290	378	353	56
1986–1987	302	? 360	353	52

Um fjölda nemenda í stuðningskennslu er erfitt að segja nákvæmlega, því að haldþærar upplýsingar um einstaka nemendur eru ekki til fyrr en á skólaárinu 1981–82 þegar ráðgjafar og sálfræðipjónusta tók til starfa. Fyrstu árin eru þær upplýsingar ekki tæmandi. Þær tölur, sem tilgreindar eru síðan 1983, eru byggðar á beiðnum og skýrslum um stuðnings- og sérkennslu sem aflað hefur verið í sambandi við áætlanagerð. Ekki virðist fjarri lagi að álykta að fram til þessa tíma (1983) hafi um 10% nemenda í umdæminu fengið einhverja stuðningskennslu.

Öll sú sérkennsla, sem um er að ræða í umdæminu, hefur verið veitt í hinum almenna grunnskóla. Frá því eru þó þær undantekningar að þrír vistmenn í sambýli fjölfatlaðra á Akranesi nutu kennslu í sérdeild á skólaárinu 1985–86 og á þessu skólaári hefur verið sett á stofn sérdeild fyrir þrjá yngri fjölfatlaða nemendur. Má reikna með framhaldi á því. Enginn sérskóli er í umdæminu.

Vestfirðir:

Þrjátíu og sex nemendur fá sérkennslu innan almenna grunnskólans skólaárið 1986–87.

Það er enginn sérskóli starfandi á Vestfirðum. Sex nemendur á þjálfunarstigi og er sérdeildin í grunnskóla Ísafjarðar. Nemendur sækja þar nám á hefðbundnum skólatíma. Þessi sérdeild hóf göngu sína haustið 1985 og er þetta því annað ár hennar. 271 barn hefur fengið stuðningskennslu það sem af er skólaárinu þar af eru 124 börn í grunnskólanum á Ísafirði.

Norðurland vestra:

Á þessu skólaári hafa u.þ.b. 230 börn fengið stuðnings- eða sérkennslu hér í umdæminu. Fjöldinn getur verið örlítið breytilegur frá einum mánuði til annars því að stundum eru einstök börn tekinn inn í hóp stuðningskennslubarna á miðju skólaári og önnur fara úr hópnum annaðhvort inn í bekkinn aftur eða í einstaklingskennslu um tíma. Kennslustundafjöldi skólans helst þó yfirleitt óbreyttur, nema þegar kennaraskortur hefur í för með sér að skólinn getur ekki nýtt sér allan kvótann. Því miður er það yfirleitt stuðnings- og sérkennslan sem fyrst er minnkuð þegar kennara vantar við skólana.

Rúmlega 50 börn hafa verið greind sem sérkennslubörn, þ.e. börn sem að okkar áliti hafa mikla þörf fyrir stuðning alla sína skólagöngu. Af þessum rúmlega 50 börnum er aðeins eitt barn í sérskóla (Safamýrarskóla). Ekki eru meðtalín börn sem eru í varanlegri vistun á Vistheimilinu Sólborg á Akureyri (tvö börn á skólaskyldualdri). Sex barnanna eru í sérdeild fræðsluumdæmisins að Egilsá. Á Egilsá hafa samtals verið 10 börn frá stofnun deildarinnar árið 1983.

Norðurland eystra:

Fjöldi barna sem fengu sérkennslu.

	Grunnskóli	Sérskóli	Sérdeild	Stuðningskennsla
1977–1978			12	60–100*
1978–1979			12	100–120*
1979–1980			15	120–150*
1980–1981			15	150–170*
1981–1982			15	170–200*
1982–1983			20	200
1983–1984	25	5	5	220
1984–1985	56	5	5	250
1985–1986	75	5	7	285
1986–1987	92	5	7	285

*Áætlaðar tölur.

Austurland:

Sérkennsla:

- a. Frá 1980: 305. Að meðaltali hvert ár: 43,5. Vikustundafjöldi á barn til jafnaðar: 4,3.
- b. Í Öskjuhlíðarskóla: 1979–1982: 8 nemendur (4 hvert ár). 1982–1987: 1 nemandi hvert ár.
- c. Til jafnaðar 5–6 nemendur í sérdeild Egilsstaðaskóla.

Stuðningskennsla:

Þessu er ekki hægt að svara. Stuðningskennsla getur varað í eina viku, nokkra mánuði eða jafnvel allt skólaárið. Hún er framkvæmd með mismunandi hætti, einstaklingskennslu, kennslu í fámennum hópum, í lesveri, tveimur kennurum í kennslustund, bekkjum skipt o.s.frv.

Umdæmin hafa heimild til að ráðstafa 6% af heildarstundafjölda til stuðningskennslu. Nemur þetta nú 239 vikustundum eða 8 kennarastöðum. Þarfir skóla geta verið misjafnar og eru þá stundir fluttar á milli þeirra, ef þurfa þykir.

Suðurland:

Fjöldi nemenda í stuðnings- og sérkennslu.

	Grunnskóli	Sérdeild	Stuðningskennsla	Samtals
1980–1981	12	23	204	239
1981–1982	14	23	220	257
1982–1983	16	32	280	328
1983–1984	17	38	326	381
1984–1985	18	39	330	387
1985–1986	20	44	332	396
1986–1987	23	57	352	432

Það skal tekið fram varðandi stuðningskennslu í umdæminu að nemendur nutu kennslunnar í mjög mislangan tíma allt, frá örfáum tímum til reglulegrar stuðningskennslu samkvæmt stundaskrá allan veturinn.

Fyrir 1980 var einungis hjálparkennslukvótinn til úthlutunar í umdæminu og litlar upplýsingar um fjölda þeirra nemenda sem hjálpar- og sérkennslu nutu fyrir þann tíma.

4. Hve mörg börn þurfa á sérkennslu og stuðningskennslu að halda í hverju fræðsluumdæmi fyrir sig? Er hægt að leysa í meira mæli þörf barna fyrir sérkennslu innan almenna grunnskólans fremur en í sérskólum væri grunnskólunum til þess búin betri aðstaða?

Þessari spurningu er ekki auðvelt að svara. Mjög margt veldur hér mismun, t.d. skólaskipan og námskröfur. Eins og áður er að vikið voru það 7–20% nemenda sem fengu stuðningskennslu í fræðsluumdæmunum 1978–79 hér á landi. Í Danmörku var talan á síðasta ári frá 5–30%. Í fræðibókum um þetta efni hefur verið talað um 20% nemenda sem gætu þurft á meiri eða minni aðstoð að halda við nám.

Varðandi síðari lið þessarar spurningar er því til að svara sem áður er að vikið, að hér á landi stunda fleiri fatlaðir nemendur skólagöngu í almennum grunnskóla en í öðrum löndum svo vitað sé. Sérfræðingar eru ekki á eitt sáttir um það hvort æskilegt sé að ýta fleirum út í hinn almenna grunnskóla en orðið er. Eitt er víst að góð lausn er það ekki nema fagfólk fáist til starfa samtímis. Hér skal bent á ummæli um sérskóla í OECD skýrslunni um skólamál á Íslandi á bls. 15, 41. og 42. tölul. svo og ummæli á bls. 18, 56. tölul.

5. Hvernig hefur verið staðið við ákvæði 15. gr. um kennslumagn, skipt eftir fræðslu-umdæmum, sem að fullu átti að vera komið til framkvæmda að fjórum árum liðnum frá gildistöku reglugerðarinnar a) á forskólastigi, sbr. 16. gr. A. 1 og 2, b) í grunnskólum, sbr. 16. gr. B. 1, c) í sérskólum, sbr. 16. gr. B. 2?

Ekki er annað vitað en að farið sé að fullu eftir 15. gr. sérkennslureglugerðar.

6. Hve mikið fjármagn hefur runnið árlega til a) sérkennslu innan almenna grunnskólans, b) stuðningskennslu, c) sérskóla, frá gildistöku reglugerðarinnar, skipt eftir fræðsluumdæmum?

Því miður er sérkennslu iðulega blandað saman við almenna kennslu í bókhaldi ríkisins og því nánast ómögulegt að greina þar á milli. Framlög til sérskóla má hins vegar lesa úr ríkisreikningi.

Þar sem framlag til þessa þáttar er fall af kennslustundum, kennsluskyldu og launum kennara, má áætla hversu mikið hefur runnið til stuðnings- og sérkennslu undanfarin ár. Hér verður miðað við heimilaðar stundir samkvæmt fjárlögum, en gera má ráð fyrir að framkvæmdin hafi verið mun minni hin fyrstu ár, en aukist hin síðari. Rétt er að taka fram að fyrstu árin var heimildin um 6% af heildarviðmiðunarstundafjölda hvers umdæmis, en það svarar til stuðningskennslunnar í dag. Hér verður gerð grein fyrir þróuninni frá árinu 1982 og miðað við launaflokk 137-5 auk launatengdra gjalda. Verðlag miðast við desember 1986, eins og fjárlög 1987 (upphæðir í þús. kr.).

	1982	1983	1984	1985	1986	1987
<i>Reykjavík</i>						
Stuðningskennsla	22 610	22 610	22 610	22 610	17 765	18 164
Sérkennsla	24 686	25 730	25 685	25 108	33 811	34 032
<i>Reykjanes</i>						
Stuðningskennsla	16 036	16 150	16 397	16 397	16 872	16 967
Sérkennsla				2 886	7 992	9 679
<i>Vesturland</i>						
Stuðningskennsla	5 016	5 149	5 206	5 206	5 415	6 042
Sérkennsla	1 443	4 506	8 014	7 814	7 814	7 814
<i>Vestfirðir</i>						
Stuðningskennsla	3 002	3 458	3 420	3 420	3 591	3 819
Sérkennsla					1 332	3 108
<i>Norðurland vestra</i>						
Stuðningskennsla	3 477	3 553	3 686	3 686	3 762	4 199
Sérkennsla			1 509	1 110	1 110	2 220
<i>Norðurland eystra</i>						
Stuðningskennsla	8 531	8 550	8 455	8 455	8 189	8 607
Sérkennsla		3 663	4 795	4 795	5 461	11 100
<i>Austurland</i>						
Stuðningskennsla	4 940	4 617	4 579	4 579	4 522	4 883
Sérkennsla		1 177	3 685	3 685	4 195	5 172
<i>Suðurland</i>						
Stuðningskennsla	6 745	6 726	6 764	6 764	6 916	7 372
Sérkennsla		1 487	7 858	7 393	8 458	8 835

Það skal áréttað að hér er um áætlaðar tölur að ræða og gildir það einnig fyrir árið 1987. Munurinn þar er þó ekki nema 0,6% í heild frá rauntölum í fjárlögum. Framlag til sérskóla (Öskjuhlíðarskóla, Þjálfunarskóla, Heyrnleysingjaskólans, vistana o.fl.) samkvæmt ríkis-

reikningi var á þessum árum eftirfarandi (verðlag miðast hér við hvert ár, í þús. kr.): 1982 47 535, 1983 70 951, 1984 84 868, 1985 127 961, 1986 157 939 áætlun (ath. Kjarvalshús tilheyrir félmrn.), 1987 187 239 (fjárlög).

7. *Hvernig skiptast nemendur eftir umdæmum á sérskóla? Hvar eru þeir staðsettir?*
Fjöldi sérskólanemenda á vegum ríkisins.

Lögheimili nemenda	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjavík	161	159	163	150	147	147
Reykjanes	101	106	97	92	89	84
Vesturland	7	10	14	10	8	6
Vestfirðir	8	11	10	13	8	6
Norðurland vestra	13	11	11	11	10	6
Norðurland eystra	30	36	38	31	25	21
Austurland	14	13	8	6	8	4
Suðurland	12	14	16	17	15	15
	346	360	357	330	310	289

8. *Hvernig er yfirstjórn sérskólanna háttað? Hver eru tengsl þeirra við fræðsluskrifstofur viðkomandi umdæma?*

Yfirstjórn sérskólanna heyrir beint undir menntamálaráðuneytið. Þessir skólar sinna svo sérstæðum verkefnum í formi stuðnings og þjónustu fyrir allt landið að slík skipan þykir heppilegust.

Þegar vandamál koma upp í fræðsluumdæmunum, sem ekki verða leyst þar, eru sérskólarnir sú ráðstöfun sem sérfræðingar telja ómissandi. Tengslin eru þau að fræðslustjórar eða sérfræðingar þeirra snúa sér beint til þess sérskóla sem þeir telja rétt að vísa nemanda til. Í örfáum tilfellum hafa foreldrar sjálfir óskað milliliðalaust eftir vistun fyrir börn sín. Ekkert barn er tekið í sérskóla nema eftir ósk eða með samþykki foreldra.

9. *Hefur verið sett námsskrá um kennslu í sérstofnunum vegna sérkennslu, sbr. ákvæði 12. gr. reglugerðarinnar?*

Námsskrá hefur ekki verið sett um sérkennslu og kemur tvennt til. Í fyrsta lagi fékkst ekki fé til að vinna slíka námsskrá af því fé sem til námsskrárgerðar hefur verið ætlað. Í öðru lagi hefur síðar komið fram það sjónarmið, sem nú þykir eitt koma til greina um sérskóla, að námsskrá sé samin af hverjum skóla í samræmi við þarfir nemendanna hverju sinni og síðan fyrir hvern nemanda. Þetta gerir að sjálfsögðu meiri kröfur til kennaranna sem ekki verður undan vikist og þannig er nú unnið í sérskólunum.

10. *Hve margir sérmenntaðir kennarar annast sérkennslu, skipt eftir fræðsluumdæmum, sbr. 13. gr. reglugerðarinnar? Hvað er þörf fyrir marga sérkennara, skipt eftir fræðsluumdæmum?*

Meðfylgjandi tölur sýna fjölda starfandi sérkennara eftir fræðsluumdæmum: Reykjavík 63, Reykjanes 36, Vesturland 10, Vestfirðir 3, Norðurland vestra 2, Norðurland eystra 16, Austurland 4, Suðurland 9. Samtals 143.

Varðandi síðari hluta spurningarinnar eru nýjustu upplýsingar úr skýrslu sem menntamálaráðuneytið gerði til að mynda sér skoðanir á þörf á menntun sérkennara. Þessari skýrslu var lokið 1984.

Leitað var upplýsinga um þörfina hjá fræðslustjórum. Sýnir meðfylgjandi tafla mat á þörfinni miðað við úthlutað kennslumagn 1982–83.

	Vestur-land	Vestfirðir	Norður-vestra land	Norður-eystra land	Austur-land	Suður-land	Reykjanes	Reykjavík
a. Með 1 árs framhaldsnám í kennslu lestregra og vangefinna	10	7	4	14	19	11	30	37
b. Með 2ja ára framhaldsnám								
1. Kennarar heilaskaddaðra og vangefinna	3	2	4	6	6	4	8	16
2. Kennarar nemenda með hegðunarvandkvæði	1	1		2	6		2	12
3. Talkennarar	1	1	2	4	4		10	4
4. Heyrnleysingjakennarar								
5. Blindrakennarar								
6. Daufblindrakennarar								
Samtals (a=99)	5	4	6	12	16	4	20	32
Samtals (a+b=231)	15	11	10	26	35	15	50	69

11. Hvernig hafa verið leyst vistunarmál nemenda utan af landi sem sækja þurfa sérkennslu utan síns fræðsluumdæmis?

Við Heyrnleysingjaskólann eru 2 hús sem hvort hefur sína föstu húsmóður. Í öðru eru vistaðir 4 nemendur en 8 í hinu. Við Öskjuhlíðarskólann er 1 hús í Garðabæ, sem rekið er með sama sniði, fyrir þá nemendur sem ekki er unnt að fá fyrir fósturforeldra vegna fötlunar. Flestir nemendur eru hins vegar vistaðir hjá fósturforeldrum sem fengnir eru til þess starfs fyrir gjald sem ráðuneytið greiðir. Vistunin er að ráði og undir eftirliti félagsráðgjafa skólans. Þessi háttur er hafður á til að nemendurnir geti lifað sem eðlilegustu fjölskyldulífi þrátt fyrir fjarlægð frá eigin heimili. Aðrir nemendur sem þurft hafa að vistun vegna skólagöngu hafa verið vistaðir á sama hátt.

12. Hve margir njóta kennslu í heimahúsum, sbr. 18. gr.? Hver er þörfin?

SVÖR FRÆDSLUSTJÓRA:

Reykjavík:

Sjúkrakennsla, sem ýmist fer fram í heimahúsi eða á spítala, segir fremur lítið um magnið þótt gefinn sé upp fjöldi nemenda. Þar er tímamagnið jafn misjafnt og nemendur eru margir og einnig tímalengd kennslunnar. En á s.l. ári hlutu 74 nemendur slíka kennslu í meira eða minna mæli.

Reykjanes:

Kennsla í heimahúsum hefur aðallega verið sjúkrakennsla. Hér er um fá börn að ræða og er fjöldinn breytilegur frá ári til árs. Þessi börn eru talin með í fjöldatölum um stuðnings- og sérkennslu.

Vesturland:

Kennsla í heimahúsum heyrir til algerra undantekninga og á sér eingöngu stað ef um er að ræða veikindi sem hamla því að nemandi geti sótt skóla. Í stöku tilfellum hefur fræðslustjóri beitt sér fyrir því að nemendur, sem stofnanir utan svæðis hafa vistað á sveitaheimilum með því fororði að þeir fengju kennslu í heimahúsum, færu í skóla. Hefur það heppnast.

Vestfirðir:

Enginn. Ekki vitað um þörf.

Norðurland vestra:

Eins og er fá engin börn héðan úr umdæminu kennslu í heimahúsum á kostnað hins opinbera.

Norðurland eystra:

Tveir nemendur fá sjúkrakennslu sem stendur. Þörf fyrir slíka kennslu virðist að jafnaði vera fyrir 2–4 nemendur hverju sinni.

Austurland:

Aðeins örfáir nemendur hafa þurft á þessari þjónustu að halda tímabundið. Engin beiðni hefur borist á yfirstandandi skólaári.

Suðurland:

Einn nemandi fær kennslu í heimahúsi að hluta vegna sjúkdóms.

13. Hvar hafa verið stofnuð skólaathvörf og lesver, sbr. 20. gr.? Hver er þörfin?

SVÖR FRÆDSLUSTJÓRA:

Reykjavík:

Skólaathvörf eru 6 í Reykjavík. Æskilegt væri að hafa athvarf við hvern skóla.

Reykjanes:

Lesver eru í öllum skólum í umdæminu. Engin „skólaathvörf“ eru í umdæminu en skóladaheimili eru starfrækt á vegum sveitarfélaga á tveimur stöðum.

Vesturland:

Skólaathvarf hefur verið í Grunnskóla Eyrarsveitar undanfarin fjögur skólaár. Heimild hefur verið fyrir athvarfi við Grunnskóla Hellissands sem ekki hefur verið nýtt til stofnunar eiginlegs athvarfs en varið til hliðstæðs stuðnings við þá nemendur sem þess hafa þurft. Þörf er fyrir athvarf á Akranesi og í Ólafsvík og víðar fyrir starfsemi sem verið gæti athvarfsígildi fyrir nemendur sem búa við erfiðar aðstæður til undirbúnings fyrir skóla heima fyrir.

Lesver eða eitthvað í þá veru er komið í allmarga skóla, misvel búin að vísu, og fleiri eru í undirbúningi eftir því sem húsnæðisaðstaða og fjárhagsgeta sveitarfélaga leyfir. Lesver er nauðsynlegt í hverjum skóla.

Vestfirðir:

Skólaathvörf hafa hvergi verið stofnuð. Lesver eru á Patreksfirði og Ísafirði. Eðlilegast er að lesver séu við alla skóla í kaupúnum, átta lesver auk þeirra sem fyrir eru talin.

Norðurland vestra:

Engin svokölluð skólaathvörf eru í þessu fræðsluumdæmi. Það er skilgreiningaratriði hve mörg lesver eru hér í umdæminu. Spurningin er hvenær hægt er að kalla herbergi sem er notað til stuðnings- og sérkennslu „lesver“. Svarið er einhvers staðar milli fjögur og sjö lesver.

Norðurland eystra:

Skólaathvörf hafa ekki verið stofnuð í umdæminu. Þess má geta að Barnaskóli Akureyrar sótti haustið 1986 um leyfi fyrir skólaathvarf til skólanefndar Akureyrar. Það fékkst ekki. Lesver hafa verið stofnuð í nánast öllum skólum í umdæminu. Þar fer fram stuðningskennsla í lestri.

Austurland:

Engin skólaathvörf eru á Austurlandi. Fyrirspurnir hafa borist frá Neskaupstað. Lesver eða einhver aðstaða af því tagi er í flestum skólum.

Suðurland:

Athvarf er í Vestmannaeyjum og á Selfossi. Þörfin virðist vera fyrir hendi í þéttbýli. Lesver eru í Vestmannaeyjum, á Selfossi, Kirkjubæjarklaustri, Hellu, Laugalandi í Holtum, Stokkseyri, í Reykholti í Biskupstungum, á Ljósafossi og í Hveragerði og Þorlákshöfn. Í öllum stærri skólum er þörf fyrir lesver, en húsnæði býður ekki alls staðar upp á að það sé framkvæmanlegt.

*14. Hve margir nemendur hafa fengið fræðslu og verklega þjálfun eftir skólaskyldualdur, sbr. 3. gr. C í reglugerðinni? Hver er þörfin, skipt eftir fræðsluumdæmum?
Nemendur í öllum sérskólum.*

15. Hvernig hefur verið staðið að samræmdum aðgerðum vegna sérkennslu fyrir landið allt, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar?

4. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Fræðslustjórar skulu, að höfðu samráði við skólastjórnir grunnskóla umdæmisins, svo og sérfræðiþjónustu (sérfræðideild) við Óskjuhlíðarskóla, gera tillögur um meginskipulag sérkennslu í umdæmum sínum og leggja þær fyrir fræðsluráð.

Menntamálaráðuneytið samræmir tillögur og gerir síðan heildaráætlun um skipulag og framkvæmd sérkennslu innan og utan grunnskóla. Þau mál, sem við verður ráðið heima í fræðsluumdæmunum að dómi ráðuneytisins, verði leyst þar, ýmist í almennum grunnskóla eða á annan hátt, en torleystari mál verði leyst með samræmdum aðgerðum fyrir landið allt.

Fræðslustjóri sér um að áætlun og samþykkt sérkennsla í umdæminu sé framkvæmd.

Um inntöku nemenda í stofnanir samkvæmt a-, b- og f-lið 2. gr. gildir eftirfarandi:

Sé um að ræða sérstofnanir, er þjóna landinu öllu, skal fræðslustjóri (sálfræðideild) senda beiðni til sérfræðideildar Óskjuhlíðarskóla um inntöku og tekur hún og viðkomandi skólastjóri (forstöðumaður) ákvörðun um vistun nemenda og flutning þeirra. Þjóni sérstofnun, sérskóli eða sérdeild hins vegar ákveðnu fræðsluumdæmi tekur fræðslustjóri (sálfræðideild) þess í samráði við viðkomandi skólastjóra (forstöðumann) á sama hátt

ákvörðun um vistun nemanda. Verði ágreiningur skal málið lagt fyrir menntamálaráðuneytið.

Sé um að ræða börn á forskólaaldri geta foreldrar (fórnáðamenn) og sérfræðingur (læknir, sálfræðingur o.s.frv.) óskað eftir greiningu á þeim sbr. 10. gr.

Ákvarðanir um tilhögun og framkvæmd þessarar sérkennslu, sem hver almennur grunnskóli á rétt á samkvæmt reglugerð nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla, sbr. 20. gr. grunnskólalaga, tekur skólastjóri.“

SVÖR FRÆDSLUSTJÓRA:

Reykjavík:

Ekkert svar.

Reykjanes:

Ekkert svar.

Vesturland:

Þar hefur komið til starf sérkennslufulltrúa menntamálaráðuneytis. Fræðslustjórar hafa miðlað upplýsingum sín á milli um einstaklinga sem þurft hafa aðstoðar við. Einnig hafa sérfræðingar ráðgjafar- og sálfræðipjónustu haft samvinnu og samráð.

Vestfirðir:

Ekkert svar.

Norðurland vestra:

4. gr. reglugerðarinnar er bæði úrelt og ruglingsleg sem ljóslega sést ef þetta ákvæði er borið saman við lagaákvæði um Greiningarstöð ríkisins og reglugerð um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu.

En almennt má segja að á þessu sviði hafi ekki verið gerð nein heildaráætlun fyrir landið allt. Mjög mismunandi hefur verið frá umdæmi til umdæmis á hvaða grundvelli upplýsingum hefur verið safnað, á hvaða grundvelli þjónustan hefur verið skipulögð, hvernig þörfin hefur verið metin, hvernig staðið hefur verið að eftirliti og þess háttar. Þessi mismunur er til kominn m.a. af því að ekki hefur verið mótuð nein skýr stefna eða viðmiðunarreglur og vegna þess að ekki hefur verið skýrt hvernig skilja bæri andstæð ákvæði í mismunandi lögum og reglugerðum um þessi mál (mikilvægast: reglugerð um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, reglugerð um sérkennslu og lög um málefni fatlaðra). Fjórða grein sérkennslureglugerðarinnar, sem m.a. vísar til 10. gr. sömu reglugerðar, hefur t.d. ekki verið breytt til samræmis við lög um Greiningarstöð ríkisins.

Þannig má segja að 4. gr. sérkennslureglugerðarinnar, eins og fleiri greinar hennar, hafi strax orðið úrelt með tilkomu reglugerðar um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, enn úreltari eftir tilkomu laga um Greiningarstöð ríkisins og hún hefur í raun aldrei komist til framkvæmda.

Norðurland eystra:

Fræðsluskrifstofu Norðurlandsumdæmis eystra er ekki kunnugt um að staðið hafi verið að nokkrum samræmdum aðgerðum fyrir landið allt vegna sérkennslu.

Austurland:

Eining hefur verið um þá stefnu að leggja aðaláhersluna á að leysa þessi mál í grunnskólunum sjálfum og stuðla þannig að þeirri heillaþróun að fatlaðir gætu verið sem lengst og mest á heimilum sínum. Þá hefur blöndun nemenda í skólum góð uppeldisleg áhrif í för með sér.

Dagleg samskipti *allra* barna ættu að tryggja betur en allt annað fordómalaus afstöðu þeirra til þessara mála í framtíðinni.

Að öðru leyti vísa ég þessari spurningu til ráðuneytisins.

Suðurland:

Nemendur frá Suðurlandi sem þöfnuðust sérkennslu voru áður sendir til Reykjavíkur og stunduðu þá nám í Öskjuhlíðarskóla og eru þar enn örfáir nemendur. Árið 1982 fékkst leyfi fyrir sérdeild í Vestmannaeyjum, en sú deild hafði starfað áður um nokkurra ára skeið, og var þá hjálparkennslukvóti skólans notaður í deildinni, þannig að lítil sem engin hjálparkennsla fór fram í skólanum sjálfum.

Haustið 1981 var sérdeildin á Þingborg lögð niður, en stofnuð sérdeild og þjálfunardeild við Barnaskólann á Selfossi. Nemendur úr nágrennabyggðum Selfoss stunda sitt nám í þessum deildum og eru þá ýmist vistaðir þar eða keyrðir heim ef mögulegt er.

Umsóknir um sérkennsluþörf, sem árlega eru sendar ráðuneytinu, eru byggðar á skýrslum frá starfsmönnum sálfræðideildar fræðsluumdæmisins.

16. Telur menntamálaráðherra þörf á endurskoðun reglugerðar um sérkennslu? — Ef svo er, hverjar eru meginhugmyndir ráðherrans varðandi þá endurskoðun?

Skólamálaaskrifstofa ráðuneytisins hefur endurskoðaða reglugerð tilbúna og hefur hún verið í athugun í fjármálaaskrifstofu frá því í byrjun febrúar 1986.